

Ganga um Ástjörn, miðvikudaginn 2. ágúst 2023 kl 20,

samantekt Gylfi Ingvarsson göngustjóri



Elsta heimild um Ás er svokallað Gilzbréf en það var ritað þann 4. ágúst 1506 í Ási. Ástjörn er vogskorin uppistöðutjörn sem myndast hefur í kvos vestan undir Ásfjalli þegar Hellnahraun rann fyrir um 2000 árum og stíflaði afrennsli hennar til sjávar. Ástjörn og Ásfjall var friðlýst sem fólkvangur árið 1996. Stærð fólkvangsins er 56,9 ha.

Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar en Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Útsýni af fjallinu er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins.

Á Ásfjalli eru minjar um hersetu fyrr á sl öld. Hrauntungustígur liggur frá Áslandi um Hádegisskarð með Hamranesi og var gönguleið frá Hafnarfirði t.d. til Krísuvíkur nafnið Hádegisskarð dregur nafn sitt af stöðu sólar. Ástjörn er einstætt náttúrufrýrbæri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins.

Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi.

Í Ástjörn vex ýmis vatnagróður sem grasnykra, hjartanykra og síkjamari.

Tjarnalaukur er einkennisþenta tjarnarinnar en hann þekur botninn á stórum

svæðum. Í mýrinni við Ástjörn má finna mýrastör, gulstör og tjarnastör.

Þar er t.d. að finna eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar og er flórgoði alfriðuð

tegund og á valista. Meðal annarra tegunda varpfugla sem verpa þar

eru stökkönd, heiðlóa, hettumáfur, hrossagaukur, skógarþröstur,

þúfutittlingur og kría. Í tjörninni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.

Aðfluttir og þá sérstaklega af vestfjörðum undrast á nafninu Ásfjall sem að þeirra mati er ás en ekki fjall, en ef nánar er skoðað er Ásfjall hæsti ásin og þar af leiðandi fjall Ásanna ÁSFJALL.